

RE: Uppbygging á Ísafirði

Til : Brynjar Þór Jónasson
Frá : arnimuli@throskahjalp.is
CC : fridrik@throskahjalp.is
Heiti : RE: Uppbygging á Ísafirði
Málsnúmer : 2016100023
Málsaðili : Ísafjarðarbær
Skráð dags : 15.02.2018 08:55:04
Höfundur : arnimuli@throskahjalp.is

Viðhengi [image004.png](#)[image004.png](#)
[image003.png](#)[image003.png](#)
[image002.png](#)[image002.png](#)
[image001.png](#)[image001.png](#)

Heill og sæll Brynjar.

Stjórn húsbyggingasjóðs þroskahjalpar fjallaði um erindi þitt f.h. Ísafjarðarbæjar á fundi sínum 13. febrúar sl. Stjórnin fór jafnframt yfir teikningar og gögn sem fylgdu erindinu.

Stjórnin fól mér að þakka Ísafjarðarbæ fyrir áhuga á samstarfi við húsbyggingasjóð og að koma á framfæri vilja sjóðsins til samstarfs við bæinn um verkefni sem samræmast hugmyndafræði sem liggur til grundvallar stefnu sjóðsins við uppbyggingu húsnaðis fyrir fatlað fólk þar sem er m.a. sérstök áhersla á líf og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar.

Með vísan til framangreinds og lýsingar á fyrirhugaðri byggingu samkvæmt teikningum og gögnum sem fylgdu erindi bæjarins telur stjórn húsbyggingasjóðs ekki forsendur til að sjóðurinn taki þátt í verkefninu.

Bestu kveðjur,
f.h. stjórnar húsbyggingasjóðs,
Árni Múli Jónasson,
framkvæmdastjóri

From: Árni Múli Jónasson
Sent: 10. janúar 2018 12:09
To: 'Brynjar Þór Jónasson'
Cc: Friðrik Sigurðsson
Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Sæll aftur Brynjar.

Já, ég átti við það. Við erum að horfa á þriðjudaginn 6. feb. en getum ekki fullyrt það fyrr en við vitum hvort stjórnarfolk komist á fund þá. Verðum í sambandi við þig þegar það skýrist.

Bestu kveðjur,
Árni Múli.

From: Brynjar Þór Jónasson [<mailto:brynjarjo@isafjordur.is>]
Sent: 10. janúar 2018 11:25

To: Árni Múli Jónasson <arnimuli@throskahjalp.is>
Cc: Friðrik Sigurðsson <fridrik@throskahjalp.is>
Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Sæll

Takk fyrir það, er smá hugsu yfir hvenær fundurinn verður haldinn, segir í póstinum að hann verði haldinn innan margra vikna. Átti þetta að vera innan ekki margra vikna?

Kv. Brynjar

Sækja [Outlook for Android](#)

Frá: Árni Múli Jónasson
Sent: miðvikudagur, 10. janúar, 11:06
Efni: RE: Uppbygging á Ísafirði
Til: Brynjar Þór Jónasson
Afrit: Friðrik Sigurðsson

Heill og sæll Brynjar.

Eins og ég nefndi í tölvupósti mínum er stjórn húsbýggingasjóðs þroskahjalpar að fara yfir erindi sem hafa borist frá sveitarfélögum varðandi mögulegt samstarf. Við munum leggja málið fyrir á næsta fundi stjórnarinnar sem má gera ráð fyrir að verði haldinn innan margra vikna.

Bestu kveðjur,
Árni Múli.

From: Árni Múli Jónasson
Sent: 5. janúar 2018 15:40
To: 'Brynjar Þór Jónasson' <brynjarjo@isafjordur.is>
Cc: Friðrik Sigurðsson <fridrik@throskahjalp.is>
Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Heill og sæll Brynjar.

Við gerum það og verðum í sambandi fljótlega.

Bestu kveðjur,
Árni Múli.

From: Brynjar Þór Jónasson [<mailto:brynjarjo@isafjordur.is>]
Sent: 5. janúar 2018 12:02
To: Árni Múli Jónasson <arnimuli@throskahjalp.is>
Cc: Friðrik Sigurðsson <fridrik@throskahjalp.is>
Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Sæll

Ísafjarðarbær hefur nú fengið samþykka umsókn um stofnframlög fyrir byggingu fjölbýlishúss við Sindragötu á Ísafirði (uppdrættir og viðeigandi gögn í viðhengi). Húsnæðið er hannað til að falla að lögum um almennar íbúðir og með þarfir skjólstaðinga Þroskahjalpar í huga. Forsendur um samstarf hafa ekki breyst en vissulega hefur málið dregist úr hófi fram, fyrir því eru nokkrar ástæður aðallega tengdar umsókn um framlag, hönnun og skipulagsvinnu.

Eins og staðan er núna er hönnun lokið og skipulagið á síðustu metrunum. Bæjarráð fól bæjarstjóra að eiga samtali við Bjarg íbúðafélag um hvort þeir hafi áhuga á að koma að málinu á einhvern hátt, sú umræða er á byrjunarreit en ætti að skýrast á næstu dögum. Byggingin verður reyst á þessu ári, ef hvorki Húsbyggingasjóður Þroskahjálpar eða Bjarg íbúðafélag koma að verkefninu er ætlunin að stofna HSES á vegum Ísafjarðarbæjar sem halda mun utan um framkvæmd og rekstur eignarinnar.

Farðu yfir málið og láttu mig vita hvað ykkur finnst.

Kv.

Brynjar Þór Jónasson

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: brynjarjo@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri - auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular region - *Lonely Planet*

From: Árni Múli Jónasson [<mailto:arnimuli@throskahjalp.is>]

Sent: 5. janúar 2018 10:27

To: Brynjar Þór Jónasson <brynjarjo@isafjordur.is>

Cc: Friðrik Sigurðsson <fridrik@throskahjalp.is>

Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Heill og sæll Brynjar.

Húsbyggingasjóður Þroskahjálpar hafa á undanförunum misserum og mánuðum borist allmörg erindi frá sveitarfélögum með óskum um samstarf um byggingu eða kaup á íbúðum fyrir fatlað fólk. Stjórn sjóðsins er nú að fara yfir þessi erindi og meta hvort forsendur séu til að sjóðurinn geti orðið við einhverjum þeirra og hvernig þau samræmast stefnu sjóðsins í þessum málum. Sjóðurinn er ekki stór og getur því ekki tekið þátt í mörgum verkefnum á sama tíma og þarf því að velja og hafna.

Eins og þú manst voruð þið í sambandi við sjóðinn fyrir rúmu ári síðan um hugsanlegt samstarf. Þar sem þið hafið ekki fylgt því eftir geri ég ráð fyrir að forsendur hafi breyst að því leyti. Til að fyrirbyggja allan hugsanlega misskilning vil ég þó biðja þig að staðfesta það.

Bestu kveðjur,
Árni Múli.

From: Árni Múli Jónasson

Sent: 19. nóvember 2016 10:21

To: Brynjar Þór Jónasson <brynjarjo@isafjordur.is>

Cc: 'Sveinn Erling Sigurðsson' <gerdimos@simnet.is>; Bryndís Snæbjörnsdóttir <bryndis@throskahjalp.is>

Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Heill og sæll Brynjar.

Eigum við ekki að tala saman á mánudaginn. Geturðu hringt í mig þá þegar þú átt lausa stund.

Bestu kveðjur,
Árni Múli,
GSM 691 2290

From: Brynjar Þór Jónasson [<mailto:brynjarjo@isafjordur.is>]
Sent: 19. nóvember 2016 09:36
To: Árni Múli Jónasson <arnimuli@throskahjalp.is>
Cc: 'Sveinn Erling Sigurðsson' <gerdimos@simnet.is>; Bryndís Snæbjörnsdóttir <bryndis@throskahjalp.is>
Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Sæll

Það er gott að heyra, hvernig sérðu fyrir þér næstu skref? Við erum að klára umsóknina um stofnframlögin og höfum breytt stærðum á stóru íbúðunum í húsinu, þær verða því fleiri litlar og dreifðari um húsið.

Kv.

Brynjar Þór Jónasson

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: brynjarjo@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri - auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.

The Westfjords - one of Iceland's most spectacular region - *Lonely Planet*

From: Árni Múli Jónasson [<mailto:arnimuli@throskahjalp.is>]
Sent: 15. nóvember 2016 17:41
To: Brynjar Þór Jónasson <brynjarjo@isafjordur.is>
Cc: 'Sveinn Erling Sigurðsson' <gerdimos@simnet.is>; Bryndís Snæbjörnsdóttir <bryndis@throskahjalp.is>
Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Heill og sæll Brynjar.

Við Sveinn, formaður húsbyggingasjóðs Þroskahjalpar, gerðum á fundi ídag stjórn sjóðsins grein fyrir ósk Ísafjarðarbæjar um viðræður um mögulega þátttöku í húsbyggingarverkefni á Ísafirði sem þú lýstir á fundi okkar 7. nóv. sl.

Stjórnin samþykkti að við skoðuðum verkefnið með bænnum til að meta hvort forsenda væri til þátttöku í því, meðal annars m.t.t. annarra verkefna á þessu sviði sem eru í farvegi eða til skoðunar hjá sjóðnum

Bestu kveðjur,
Árni Múli,
GSM 691 2290

From: Árni Múli Jónasson
Sent: 7. nóvember 2016 16:22

To: 'Brynjar Þór Jónasson' <brynjarjo@isafjordur.is>

Cc: 'Sveinn Erling Sigurðsson' <gerdimos@simnet.is>; Bryndís Snæbjörnsdóttir <bryndis@throskahjalp.is>

Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Heill og sæll Brynjar og takk fyrir fundinn áðan.

Hvað varðar heimildir til að selja almennar íbúðir og skilyrði varðandi það sýnast mér laga- og reglugerðarákvæðin sem á reynir vera þessi sem eru hér að neðan. Spurning svo hvort þau eiga við þegar íbúðir eru seldar aðila sem kaupir íbúðir til að leigja fötluðu fólki án hagnaðarsjónarmiða og er tilbúinn að gangast undir lög og reglur sem um það gilda. Ég sé í fljótu bragði ekki að lög og reglugerð svari því.

Við höfum boðað fund í húsbyggingasjóðs samtakanna þriðjudaginn 15. nóv. og ef það gengur eftir ætti framhaldið hvað okkur varðar að skýrast þá.

Bestu kveðjur,
Árni Múli.

Lög nr. 52/2016, um almennar íbúðir.

16. gr.

Endurgreiðsla stofnframlaga, veð og kvæðir.

Óheimilt er að selja almenna íbúð nema með samþykki Íbúðalánasjóðs og viðkomandi sveitarfélags. Við söluna ber þegar að endurgreiða ríkissjóði og viðkomandi sveitarfélagi í einu lagi stofnframlag sem veitt hefur verið vegna íbúðarinnar. Íbúðalánasjóður og viðkomandi sveitarfélag geta þó sameiginlega heimilað frestun á endurgreiðslu í allt að ár og ber endurgreiðslukrafan á meðan vexti skv. 1. málsl. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Ef andvirðið er notað til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði sem nota á í sama tilgangi innan þess tíma þarf ekki að endurgreiða stofnframlag eða greiða vexti. Þá skal þinglýsa á hið nýja íbúðarhúsnæði þeim kvöðum sem kveðið er á um í 7. mgr. Íbúðalánasjóður getur jafnframt heimilað eiganda almennra íbúða að færa sérstakt stofnframlagabókhald. Eigandinn skal þá minnst árlega gera upp stofnframlög gagnvart Íbúðalánasjóði og viðkomandi sveitarfélagi.

Í athugasemdum í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 52/2016 segir m.a. um þetta ákvæði:

Í greininni er að finna ákvæði um hvenær stofnframlög verða endurgreidd og skal 3.-5. mgr. jafnframt gilda um tilvik sem fjallað er um í 6. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 16. gr. Enn fremur kemur fram að óheimilt sé að selja íbúðir sem veitt hefur verið stofnframlag vegna, nema með heimild Íbúðalánasjóðs. Verði hún seld, notkun hennar breytt eða hún leigð öðrum en þeim sem eru undir tekju- og eignamörkum skv. 12. gr. frumvarpsins við upphaf leigutíma skal stofnframlag endurgreitt ríki og sveitarfélagi. Þó er bent á að heimilt er skv. 4. mgr. 20. gr. frumvarpsins að leigja íbúð tímabundið til leigjanda sem er yfir tekju- og eignamörkum ef ekki tekst að leigja hana til aðila sem uppfyllir skilyrði um tekju- og eignamörk frumvarpsins. Slíkur leigusamningur skapar ekki skyldu til endurgreiðslu stofnframlaga. Þá er Íbúðalánasjóði og sveitarfélögum heimilt að krefjast endurgreiðslu stofnframlaga ef skilyrði fyrir veitingu þeirra eru ekki lengur fyrir hendi, eigandi íbúðar vísar frá ákvæðum reglugerðar um viðmiðunarfrjárhæð leigu eða gerist uppvís að lögbroti í starfsemi sinni. Þá þarf ekki að endurgreiða stofnframlag ef sýnt er fram á að andvirði seldrar eignar hafi verið notað til kaupa á íbúð sem nota á í sama tilgangi og hina seldu íbúð, sbr. einnig 4. mgr. 12. gr. frumvarps þessa.

Reglugerð nr. 555/2016, um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir.

22. gr.

Endurgreiðsla stofnframlaga við sölu almennrar íbúðar.

Óheimilt er að selja almennar íbúðir nema með samþykki bæði Íbúðalánasjóðs og viðkomandi sveitarfélags. Við sölu ber þegar að endurgreiða ríkissjóði og viðkomandi sveitarfélagi í einu lagi stofnframlag sem veitt hefur verið vegna íbúðarinnar, auk viðbótarframlaga skv. 8., 9. og 18. gr.

Íbúðalánasjóður og viðkomandi sveitarfélag getur þó heimilað frestun á endurgreiðslu í allt að ár og ber endurgreiðslukrafan á meðan vexti skv. 1. másl. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Ef andvirðið er notað til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði sem nota á í sama tilgangi innan þess tíma þarf ekki að endurgreiða stofnframlag eða greiða vexti. Þinglýsa skal á hið nýja íbúðarhúsnæði kvöðum samkvæmt 7. mgr. 16. gr. laga um almennar íbúðir.

Íbúðalánasjóður getur jafnframt heimilað eiganda almennrar íbúðar að færa sérstakt stofnframlagabókhald. Eigandinn skal þá minnst árlega gera upp stofnframlög gagnvart Íbúðalánasjóði og viðkomandi sveitarfélagi.

From: Brynjar Þór Jónasson [<mailto:brynjarjo@isafjordur.is>]

Sent: 7. nóvember 2016 10:11

To: Árni Múli Jónasson <arnimuli@throskahjalp.is>

Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Sæll

Fluginu til Reykjavíkur hefur verið frestað til 12:30, ég ætti því að vera kominn til Reykjavíkur um 13:10 og verð því ekki kominn á fund við ykkur fyrr en um 13:40, vonandi gengur það.

Kv.

Brynjar Þór Jónasson

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: brynjarjo@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri - auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular region - *Lonely Planet*

From: Árni Múli Jónasson [<mailto:arnimuli@throskahjalp.is>]

Sent: 4. nóvember 2016 15:39

To: Brynjar Þór Jónasson <brynjarjo@isafjordur.is>

Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Sömuleiðis.

B. kv.

ÁMJ

From: Brynjar Þór Jónasson [<mailto:brynjarjo@isafjordur.is>]

Sent: 4. nóvember 2016 15:27

To: Árni Múli Jónasson <arnimuli@throskahjalp.is>

Cc: Sveinn Erling Sigurðsson <gerdimos@simnet.is>; Bryndís Snæbjörnsdóttir <bryndis@throskahjalp.is>

Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Takk fyrir, hlakka til að hitta ykkur.

Kv.

Brynjar Þór Jónasson

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: brynjarjo@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri - auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular region - *Lonely Planet*

From: Árni Múli Jónasson [<mailto:arnimuli@throskahjalp.is>]

Sent: 4. nóvember 2016 15:22

To: Brynjar Þór Jónasson <brynjarjo@isafjordur.is>

Cc: Sveinn Erling Sigurðsson <gerdimos@simnet.is>; Bryndís Snæbjörnsdóttir <bryndis@throskahjalp.is>

Subject: RE: Uppbygging á Ísafirði

Heill og sæll Brynjar.

Við getum hitt þig á mánudaginn. Við skulum miða við kl. 13 en ég læt þig vita með fyrirvara ef við verðum að breyta þeim tíma eitthvað.

Skrifstofan okkar er á Háaleitisbraut 13.

Bestu kveðjur,
Árni Múli,
GSM 691 2290.

From: Brynjar Þór Jónasson [<mailto:brynjarjo@isafjordur.is>]

Sent: 4. nóvember 2016 14:38

To: Árni Múli Jónasson <arnimuli@throskahjalp.is>

Subject: Uppbygging á Ísafirði

Sæll

Ég fyrir hönd Ísafjarðarbæjar hef mikinn áhuga á að koma til fundar við Þroskahjálp, kynna fyrir ykkur áform okkar í uppbyggingu fyrir fatlað fólk og ræða mögulega aðkomu Þroskahjálpar að því verkefni. Ef mánudagurinn hentar þá kem ég suður.

Kv.

Brynjar Þór Jónasson

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: brynjarjo@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri - auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular region - *Lonely Planet*